

Niðurstaða umræðuhóps um menningarmál

XII punktar um hugmyndafræðilegan grundvöll kvennaframboðs

I.

Menning er bað sem aðskilur manninn frá öðrum dýrum. Hugtakið menning notum við í andstæðri merkingu við hugtakið náttúra, menning er skönuð af mönnum og bróuð af beim, og hún birtist í ýmsum formum og erfist frá kynslóð til kynslóðar. Það er talað um menningu einstakra bjóða (íslensk menning, grísk menning), heimshluta (evrópsk menning), samfélagshópa (bændamenning, alþýðumenning) og einnig er talað um hámenningu og lágmenningu. Hver menning hefur sín sérstöku einkenni.

II.

Hugtakið kvennamenning er tiltölulega ungt. Það kom fyrst fram í sambandi við kvennahreyfinguna nýju við fræðilega rannsókn á konum sem sérstökum samfélagshóp. Það er ekkert dularfullt við betta hugtak, bað er vel skilgreinalegt. Kvennamenning er ekkert eitt og óumbreytanlegt fyrirbæri. Hún er sögulegt fyrirbæri sem er breytilest eftir tíma og aðstæðum. Kvennamenning skapast úr hinum ákveðnu lífsformum sem konur lifa við. Hugtakið nær yfir þaði andlega og verklega starfsemi. Þaði hugur og hönd.

III.

Með því að skilgreina os nota hugtakið kvennamenning hefur mikið áunnist í kvennaráttunni. Það er farið að benda á hina jákvæðu bætti í lífi kvenna í stað bess að afneita kynferði os stöðu beirra og hafa ekkert annað til viðmiðunar en hlutverk og stöðu karla. Aður beindust rannsóknir svo til eingönsu að kúgun kvenna og eymd. Viðfangsefnið er að greina bessa menningu og síðan að benda konum á hið jákvæða í henni, bað sem barf að varðveita og bróa áfram, ekki bara kvennanna vegna, heldur alls mannkynsins.

IV.

Hvað er há kvennamenning?

Kvennamenning einkennist af því hlutverki kvenna frá fyrstu tíð að vernda líf os viðhalda því. Konur ganga með börnin, fæða bau os ala upp. Vinnustaður beirra hefur andstætt við karlmenn verið inni, á heimilunum eða í námunda við bau. Þar hafa konur alltaf

fengist við matvælaframleiðslu, fatagerð, lækningar, hjúkrun, ljósmóðurstörf, barnauppeldi, kennslu barna, bvotta og önnur brif, lyfjagerð og aðhlynningu fólks, sjúks og aldraðs, andlega og líkamlega.

Petta er hinn sérstaki reynsluheimur kvenna, grundvöllur menningar beirra og heimsmyndar.

V.

Kvennamenning er ósýnileg og einskis metin. Samt er bað hún sem heldur körlunum og bjóðfélagini gangandi. Þannig má serja að karlamenningin nærst á kvennamenningunni og geti ekki án hennar verið.

VI.

Hin ríkjandi menning er menning karla. Og ekki nóg með bað, hún lætur sem hún sé eina menningin. Hægt og bítandi hefur hún gengið á kvennamenninguna og er á góðri leið með að útrýma henni. Petta má m.a. sjá í notkun tungumálsins. Orðið maður sem í rauninni merkir þeidi karl os kona fær í málnotkuninni merkinguna karlmaður. "Haður og kona". Jafnvel orðin bróðir os sonur sem eru kynbundin eiga að ná yfir allt (ekki systir og dóttir). "Frelsi, jafnrétti og bræðralag" voru kjörorð frönsku byltingarinnar, "Tungan geymir í tímans straumi/trú og vonir landsins sona" kvað bjóðskáldið. "Sjá roðann í austri, hann brýtur sér braut/ fram bræður bað dagar nú senn" syngja jafnaðarmenn, og "Deyr fé, deyja frændur".

VII.

Pegar karlamenningin serir konur sýnilegar, þá er bað gjarnan til að hæða bar og hræða. Um bað vitnar málnotkunin einnig. Sjálfst orðið kona hefur ákveðnar skírskotanir, eins og sjá má í orðabókum og auglýsingum. "Öðruvísi kvennabók" hljóðar ein auglýsingin, og gefur bar með í skyn að bessi bók sé ólík bví sem konur yfirleitt skrifa. Orðið kerling er annað dæmi. Það er dregið af orðinu karl með smékkunarendingu, bað er sá sem ekki stenst kröfur karlmannskunnar. Sláandi dæmi er orðið kerlingabók, sem var notað upphaflega um hugmyndir kvenna varðandi lækningar og önnur ráð, og var síðar tekið upp í merkingunni vondar bókmenntir.

"mötusíglu"

VIII.

Við megum ekki láta þessa orðnotkun ríkjandi menningar kúga okkur. Við megum ekki skammast okkar fyrir að vera konur eða kerlingar. Þegar Líney Jóhannesdóttir gaf út sína fyrstu skáldsögu á sjötugsaldri og létt hana heita "Kerlingarslóðir", þá var hún að séra uppreisn gegn því viðhorfi sem metur reynsluheim kvenna einskis. Hún gerir kerlinguna að geranda í stað bolanda.

IX.

Verðmætamat karlamenningsar og kvennamenningsar er ólíkt. Í karlamenningu gildir það að sigra, í kvennamenningu það að vernda. Karlmenn bera ábyrgð á því sem ógnar mannkyninu í dað, en það er vígbúnaðarkapphlaup sem stefnir að gereyðinsu, eyðing náttúru og lífríkis, misskinting auðs í heiminum og það, hvernig við sigrum hraðbyri inn í ómennska tækniveröld bar sem ekki er pláss fyrir frumbarfir mannsins, tilfinningar, samsömun við náttúruna, sköpun.

X.

Það er búið að taka frá konum bann grundvöll sem heimili og umhverfi bess var, án bess að bær hafi fengið neitt í staðinn. Þær lifa við sífellda togstreitu milli tveggja heima, inniheimsins sem þær hafa verið reknar frá og útiheimsins bar sem þær eru ekki teknar sildar. Umferðargatan er skipulögð og skólahúsið er reist hinum megin við hana, án bess að þær fái nokkru bar um ráðið. Konur hafa misst sjálfsmýnd sína og það öryggi sem henni fylgdi. Það er varla tilviljun að prisvar sinnum fleiri konur dvelja á geðsiúkrahúsum en karlar.

XI.

Pess misskilnings hefur sætt, að með hugtakinu kvennamenningu sé verið að upphefja hefðbundin störf kvenna og gera kúgun beirra að eftirsóknarverðu ástandi.

Svo er ekki.

Markmiðið er að kvennamenningen verði sýnileg og metin til jafns við karlamenningu í stefnumótun. Að karlar viðurkenni og tileinki sér bessa menningu á sama hátt og konur tileinki sér það besta og lífvænlegasta úr karlamenningu.

XII.

"Vitneskjan um að til er sérstök kvennamenning er einn af mikilvægstu lífgjöfum **jafnréttisbaráttunnar** í dag. Hún hefur ekki aðeins styrkt sjálfsvitund kvenna, heldur einnig gert konum betur ljóst, af hverju brátt fyrir alla lagabókstafi þær hafa átt svo erfitt uppdráttar í ríki karla. Það sem er bó mikilvægast er að konur geta nú í ljósi bessara rannsókna krafist að fullt tillit sé tekið til leikreglna beirra og að saga beirra og menning fái jafnan sess í bjóðarvitundinni og menning og saga sem notuð hefur verið af karlmönnum. Og síðast en ekki síst, að reynsla beirra og bekking verði talin jafnmikilvæg við stjórn landsins og reynsla og bekking karlmanna." Þetta eru orð Ingu Dóru Björnsdóttur mannfræðings í grein sem hún skrifaði nýlega (Bjóðviljinn 26.-27. sept. 1981).

Sérhvert stefnuskráratriði kvennaframboðsins hlýtur að byggjast á reynsluheimi kvenna. Öll kvennaþólitík hlýtur að byggja hugmyndafræði sína á grundvelli kvennamenningar.

Í hópnum störfuðu: Guðrún Erla, Helga Ólafsdóttir, Hrefna Haraldsdóttir, Ragnhildur Richter, Sigurrós Erlingsdóttir, Svala Sigurleifsdóttir og Helga Kress sem var hópstjóri. Fundir voru brír. Kristjana Gunnarsdóttir kom á einn fund, áður en hún hvarf af landi brott.